

Svava Svanborg Steinarsdóttir

Frá: Samráðsgátt <noreply@island.is>
Sent: miðvikudagur, 20. september 2023 19:01
Til: Svava Svanborg Steinarsdóttir
Efni: Til samráðs: Frumvörp til laga um Loftslagsstofnun og Náttúruverndar- og minjastofnun

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flaggað

Ágæti áskrifandi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 168/2023, „Frumvörp til laga um Loftslagsstofnun og Náttúruverndar- og minjastofnun“.

Umsagnarfrestur er til og með 04.10.2023.

Umsagnir verða birtar í gáttinni jafnóðum og þær berast. Athugið að ekki er hægt að breyta umsögnum eftir að þær hafa verið sendar inn.

[Smelltu hér til að skoða málið nánar/sendu inn umsögn.](#)

Niðurstöður samráðsins verða birtar í gáttinni þegar unnið hefur verið úr þeim ábendingum og athugasemdum sem bárust.

Þetta er sjálfvirkur póstur til áskrifenda. [Hér er hægt að afskrá sig.](#)

Kærar þakkir fyrir þátttökuna.



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skuggasundi 1
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. október 2023
Tilvísun: 2023100075

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um frumvarp til laga um Loftslagsstofnun, mál 168/2023 í samráðsgátt

Vísað er til máls nr. S-103/2023 í samráðsgátt um frumvarp til laga um Loftslagsstofnun, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur tekið málið og meðfylgjandi gögn til skoðunar og gefur eftirfarandi umsögn.

HER vill byrja á að taka undir framkomna gagnrýni á heiti stofnunarinnar sem ávörpuð er í greinargerð með frumvarpinu. Heitið er ekki lýsandi fyrir þá starfsemi sem fara á fram undir hatti sameinaðrar stofnunar. Þó vissulega séu loftslagsmál mikilvægur málaflokkur sem gengur þvert á mörg fagsvið er stór hluti verkefna stofnunarinnar á öðrum sviðum.

Þá vill HER áréttu að UST er yfirstofnun á landsvísu varðandi málefni starfsleyfis- og skráningarskyldrar starfsemi, hollustuhætti og mengunarvarnir. Stofnunin gegnir veigamiklu hlutverki sem yfirstofnun og samræmingaraðili heilbrigðiseftirlits á landinu. Það er afar mikilvægt að við sameininguna verði hlutverkum yfirstofnunar og samræmingaraðila heilbrigðiseftirlits gert hátt undir höfði í nýrri stofnun.

HER telur að viss sóknarfæri séu í sameiningu stofnanna með því að efla þekkingu og bæta getu þeirra til að sinna lögbundnum verkefnum. Með því að tryggja að þekking á öllum málaflokkum sé til staðar á nýrri stofnun og nægt fjármagn til að sinna þeim má stórbæta leiðbeiningar, upplýsingagjöf og faglegt starf. Slíkt gefur færi á auknum rannsóknum, nýsköpun og þróun á sviði umhverfismála. Eins og er bíða óleyst fjöldi verkefna sem t.d. UST er falið skv. löggjöf en hafa ekki verið framkvæmt vegna skorts á þekkingu innan stofnunar eða skorts á mannafla. Þó unnt sé í einhverjum tilvikum að útvista verkefnum og kaupa þjónustu á ákveðnum fagsviðum frá utanaðkomandi aðilum þarf alltaf að vera til staðar grundvallarþekking hjá stofnun sem þarf að miðla upplýsingunum til almennings og samstarfsaðila, stofnun sem ber að framfylgja ákvæðum löggjafar m.a. til að knýja fram úrbætur. Því meira sem þarf að úthýsa, því meiri kostnaður. HER horfir sérstaklega í þessu sambandi til samræmingarhlutverks UST fyrir heilbrigðiseftirlit í landinu. Með styrkingu fagþekkingar innan nýrrar stofnunnar væri færi á að vinna betur að þeirri samræmingu og leiðbeiningum til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga (HES) sem mikilvægt er að sinna og bæta. Eins og staðan er í dag skortir verulega á fagþekkingu innan UST í mikilvægum málaflokkum sem HES sinnir eftirliti með, s.s. er varðar hollustuhætti og hávaða, auk þess sem mikilvægar leiðbeiningar skortir í málaflokkum eins og t.d. meðhöndlun mengaðs jarðvegs og varðandi olfuskiljur og annan mengunarvarnabúnað.



HER ítrekar fyrri athugasemd úr umsögn til umhverfis, orku- og loftslagsráðuneytis um fyrirhugaða sameiningu stofnanna dags. 13. júní 2023 er varðar árekstra milli mismunandi hlutverka Orkustofnunar og UST. HER telur að ákveðnir árekstrar geti orðið vegna mismunandi hlutverka sem þessar stofnanirnar hafa skv. lögum. UST hefur hlutverk sem lögbundinn umsagnaraðili um starfsemi og framkvæmdir sem Orkustofnun gefur leyfi fyrir, t.d. um námavinnslu á hafsbotni og virkjanir, og umhverfismat þessara framkvæmda. Ljóst er að markmið laga sem UST sér um að framfylgja, s.s. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um varnir gegn mengun sjávar, stangast að vissu leyti á við markmið og hlutverk Orkustofnunar skv. þeirri löggjöf sem stofnunin vinnur eftir. Erfitt er að sjá hvernig unnt sé að halda stjórnsýslu þessara ólíku hlutverka aðskildum innan einnar sameinaðar stofnunar. HER veltir því fyrir sér hvaða áhrif þessar áskoranir geti haft á hlutverk Loftslagsstofnunar sem samræmingaraðila eftirlits og ráðgefandi stofnunar við útgáfu starfsleyfa heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, s.s. fyrir virkjanir. Í greinargerð með frumvarpinu er þessari athugasemd HER svarað á þann hátt að sameining leiði fyrst og fremst til þess að stofnunin þurfi að huga að fleiri þáttum við ákvarðanatöku en áður og í einhverjum tilvikum verði ekki þörf á veitingu umsagna. HER bendir á að engu að síður er fyrirséð að árekstrar gætu orðið. Auk þess er æskilegt að þær stofnanir sem hafa eftirlit og aðhald séu í ákveðinni fjarlægð stjórnsýslulega frá þeim aðilum sem þeim er ætlað að rækja það hlutverk við. Rýna þarf betur hvað þetta gæti þýtt varðandi framkvæmd stjórnsýslu innan stofnunarinnar.

Athugasemdir við stakar greinar:

6 gr. Frv. Hér er fjallað um valdheimildir nýrrar Loftslagsstofnunar til að gera samninga við faggilta skoðunaraðila eða aðra um framkvæmd tiltekinni verkefna eða eftirlits. HER telur að þegar kemur að framsali verkefna vegna eftirlits væri HES mikilvægasti aðilinn enda með víðtækustu þekkinguna á því sviði og auk aðgengi og þekkingu á nærumhverfi. Eðlilegast væri að í þessari grein væri HES tilgreint sem aðili sem fela megi framsal eftirlits og annarra verkefna. Sé eftirlit falið faggiltum skoðunaraðilum þarf engu að síður að vinna með niðurstöður þess eftirlits, beita þvingunarúrræðum ef þörf er auk frekari eftirfylgni. Því er eðlilegra að opinberar, sjálfstæðar eftirlitsstofnanir eins og HES séu taldar upp fyrst er fjallað er um framsal.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Guðjón Ingi Eggertsson
Heilbrigðisfulltrúi

Svava S. Steinarsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi